



Vinsamlega svarið þeim spurningum eiga við um ykkar nefnd.

1. **Svör frá hvaða nefnd:** Tækninefnd í hóp fimleikum
2. **Hver er í nefndinni, fullt nafn og hlutverk hvers og eins:**

Þórdís Þöll Þráinsdóttir, formaður  
Una Brá Jónsdóttir, varaformaður  
Kristinn Már Hjaltason  
Viktor Elí Sturluson  
Halla Steingrímsson  
Ylfa Sól Guðmundsson
3. **Hlutverk nefndarinnar í stuttu máli.** Reyna að styðjast við 2-5 setningar: THF hefur það hlutverk að fylgjast með þróun fimleika á Íslandi. Á árinu sat nefndin í vinnuhóp fyrir nýjar reglur í kjölfar þess að nýr kóði (cop) var gefinn út. Nefndin vann að mótaskrá og skipulagi móta í samstarfi við FSÍ. Setur upp dómaraþplan og skipar í dómarastöður.
4. **Helstu verkefni árinu** (setja fyrirsögn fyrir hvert verkefni): nýjar reglur og aðlögun á þeim í lok árs, dómaraþplan og mönnun þlans, eftirlit og úttektir á leyfum fyrir þreföld heljarstökk, móttaka ýmissa beiðna og ábendinga frá félögum og afgreiðsla undanþágu beiðna, aðstoð við mótaskrá og mótaskipulög.
5. **Hverjir eru landsliðsþjálfarar:** 2025 var „off-season“, landsliðsþjálfarar unglina voru Andrea Sif Pétursdóttir, Yrsa Ívarsdóttir og Þórdís Þöll Þráinsdóttir. Landsliðsþjálfarar fullorðinna voru Margrét Lúðvígsdóttir, Kristinn Þór Guðlaugsson, Michal Rissky.
6. **Uppfærðar keppnisreglur kröfur móta og undanþágur:** Stofnaður var vinnuhópur sem skrifaði nýjar íslenskar undanþágur í hóp fimleikum og stökkfimi í kjölfar þess að nýr kóði var gefinn út. Reglurnar voru gefnar út í júní og byrjað að keppa eftir þeim á keppnistímabilinu 2025-2026. Einnig voru lítilsháttar aðlaganir á mótaraðareglum.
7. **Hafa orðið breytingar á greininni á árinu, ef svo er, hverjar:** Gefinn var út nýr COP á árinu með ýmsum breytingum. Stærstu breytingarnar voru á gólfi. Þar var sett inn ný regla um „inn&out“, að gera megi færslur inn og út úr ákveðnum mómmentum og fá fyrir það 0,2 í bónus á erfiðleika.  
Á Íslandi voru sem dæmi gerðar eftirfarandi breytingar:



- Stökkfimi er aðeins fyrir 3 flokk og eldri, keppt í 3 fl, 2 fl og 1/mfl. Hugsað til að mæta þeim sem ekki ná fjölda í lið eða hafa ekki kröfurnar.
- Lágmarksfjöldi keppenda í liði í kky, kke, 4 og 5.fl var lækkaður til að koma til móts við fjölda drengja í íþróttinni og þá sem áður voru í stökkfimi.
- Settur var inn bónus fyrir að láta alla keppendur taka þátt á gólfi og í umferðum á stökkáhöldum.
- Settur var inn frádráttur fyrir að láta ákveðið marga keppendur sitja hjá á hverju áhaldi.

## 8. Innland mót/sýningar:

Mótahald var með sama hætti og árið á undan. Áskorun var að setja saman mótaskrá vegna mikils fjölda liða. Ákveðin einföldun á haustönn að vera ekki lengur með bæði hópfimleika og stökkfimi í 4 flokki og kky. Haustmót og mótarið 1 var frumraun í nýjum reglum sem gekk vel.

## 9. Erlend mót:

NM fullorðinna var haldið 8 nóvember í Espo í Finnlandi. Ísland sendi 2 kvenna lið, 2 blönduð lið og 1 karla lið:

KVK: Stjarnan og Gerpla

MIX: Stjarnan og ÍA/Afturelding

KK: Stjarnan

Félagsþjálfarar fylgdu liðunum ásamt fararstjórum á vegum FSÍ, þeim Ingunni og Eddu. Dómarar á mótinu voru Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, Ágústa Dan og Fanney Magnúsdóttir.

Í kvennaflokki var Stjarnan í 2 sæti og Gerpla í 6 sæti. Í Mix flokki var Stjarnan í 6 sæti og ÍA/afturelding í 8 sæti. Í karlaflokki var Stjarnan í 7 sæti.

## 10. Sýningaferðir:

Engar sýningarferðir voru á þessu ári

## 11. Námskeið/fræðsludagar/kynningafundir/fundir sem haldnir voru á Íslandi eða farið var á erlendis:

Fræðsludagur, Dómaranámskeið, þjálfaranámskeið, Alþjóðlegir dómarar sem sóttu námskeið voru Fanney Magnúsdóttir, Ágústa Dan, Bergþóra Kristín, Ragnar Magnús og Helga Svana

## 12. Kennarar/þjálfarar sem kenndu á námskeiðum/fræðsludögum:

## 13. Erlendir kennarar/þjálfarar sem fengnir voru til landsins:



**14. Voru fengnir styrkir á árinu? Ef svo er, hverjir:**

**15. Hvað er framundan:**

Framundan er seinni hluti keppnistímabils í nýjum reglum. Nefndin mun taka saman ábendingar og aðlaga reglur eins og þarf. Á nýju ári er bæði NMJ og EM.

**16. Annað sem þarf að koma fram:**

Þegar skýrslan hefur verið fullgerð biðjum við nefndir um að taka saman um 150 orða úrdrátt úr skýrslunni sem birtur verður í skýrslu stjórnar. Þegar skýrslan er kynnt af formanni nefndar á þingi mælum við með að styðja við úrdrátt úr skýrslu.

**Úrdráttur:**

Tækninefnd í hópfimleikum hafði á árinu yfirumsjón með tæknilegum og skipulagslegum þáttum greinarinnar og fylgdist náið með þróun hópfimleika á Íslandi. Megináhersla ársins var innleiðing nýs COP, þar sem nefndin tók þátt í vinnuhópi um nýjar íslenskar undanþágur og aðlögun keppnisreglna, sem tóku gildi á keppnistímabilinu 2025–2026. Samhliða því vann nefndin að mótaskrá, mótaskipulagi og dómaraþlani í samstarfi við FSÍ, auk eftirlits með leyfum og afgreiðslu beiðna frá félögum.

Innlent mótahald var sambærilegt við fyrra ár, þó áskoranir hafi skapast vegna mikils fjölda liða og ákveðnar einfaldanir gerðar á haustönn. Haustmót og mótaráð 1 voru frumraun í nýjum reglum og gengu vel. Á árinu tóku 5 Íslansk lið þátt í NM fullorðinna í Finnlandi þar sem helst ber að nefna góðan árangur kvennaliðs Stjórnunnar sem hafnaði í 2 sæti.

Framundan er seinni hluti keppnistímabilsins í nýjum reglum, áframhaldandi regluaðlögun ásamt þátttöku á NMJ og EM.